

Ed.

249. Frumvarp til laga

um skrifstofufé sýslumanna og bæjarfógeta o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Árin 1938—1942, að báðum meðtöldum, greiðir rikissjóður sýslumönnum og bæjarfógetum árlega skrifstofufé, þar með talin borgun fyrir söfnun innflutnings-skýrslna, eins og hér segir:

1) Í Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfirði	kr.	20700
2) - Mýra- og Borgarfjarðarsýslu	—	4500
3) - Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu	—	4800
4) - Dalasýslu	—	1800
5) - Barðastrandarsýslu	—	5400
6) - Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað	—	18000
7) - Strandasýslu	—	3300
8) - Húnavatnssýslu	—	5000
9) - Skagafjarðarsýslu	—	5000
10) - Siglufjarðarkaupstað	—	11000
11) - Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstað	—	19200
12) - Þingeyjarsýslu	—	6000
13) - Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstað	—	7500
14) - Neskaupstað	—	2500
15) - Suður-Múlasýslu	—	8500
16) - Skaftafellssýslu	—	4000
17) - Vestmannaeyjakaupstað	—	13400
18) - Rangárvallasýslu	—	2000
19) - Árnessýslu	—	5800

Samtals kr. 148400

2. gr.

Á sömu árum greiðir rikissjóður eftirtöldum lögreglustjórum árlega upp í skrifstofukostnað og fyrir söfnun skýrslna þeirra, er í 1. gr. getur, sem hér segir:

1) Á Akranesi	kr.	1500
2) Í Bolungavík	—	500
3) - Ólafsfirði	—	500
4) - Keflavík	—	500

Samtals kr. 3000

3. gr.

Nú hækkar eða lækkar gengi gjaldeyris miðað við það, sem það er gagnvart gulli hinn 1. janúar 1938, og lækkar þá skrifstofuféð eða hækkar sem því svarar, þó þannig, að minni breyting en 10% er ekki tekin til greina, og ekki fyrr en um næstu áramót á eftir, enda hafi gjaldeyrisbreytingin veruleg áhrif á verðlag þurftarvöru.

4. gr.

Skrifstofuféð greiðist með ½ mánaðarlega fyrirfram.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.